



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins 2023

Fyrir liggur erindi Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., dags. 17. október 2022, þar sem óskað er samþykkis aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins á erindi stjórnar SHS á breytingum á gjaldskrá.

Megintilgangur gjaldskrár SHS er að slökkviliðsstjóra verði gert mögulegt að taka gjald samkvæmt heimild í 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 þegar þörf er á að beita þvingunarúrræðum og/eða viðurlögum.

Í tillögunni felst að gjaldskráin hækki í samræmi við vísitöluforsendur fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir fjárhagsáætlun 2023 sem gerir ráð fyrir 5,5% hækkun launavísitölu og 4,9% hækkun neysluvísitölu. Launavísitala vegur um 85% af forsendum hækkunar gjaldskrár SHS og neysluvísitala 15%. Hækkun frá fyrra ári nemur því um 5,2%. Grunneining vegna gjaldtöku verður 18.630 kr. á klst. vegna lögbundinna verkefna og 25.150 kr. á klst. vegna ólögbundinna verkefna.

Mikilvægt er að gjaldtaka vegna ólögbundinna verkefna sé til þess fallið að hún hvetji til þess að leitað sé til aðila á hinum almenna markaði eftir þjónustu og að SHS verði ekki eftirsóknarverður valkostur vegna ólögbundinna verkefna sem aðrir geti sinnt. Því er einingaverð vegna slíkrar gjaldtöku 35% hærri en einingaverð fyrir lögbundin verkefni.

Mælt er með því að þessi gjaldskrátillaga verði samþykkt.

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs